

REGLUGERÐ

um gjaldtöku fyrirtækjaskrár, hlutafélagaskrár og samvinnufélagaskrár.

I. KAFLI

Gjaldtaka fyrirtækjaskrár, hlutafélagaskrár og samvinnufélagaskrár.

1. gr.

Ríkisskattstjóri skal taka gjald fyrir skráningu í fyrirtækjaskrá, hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá o.fl. og fyrir vottorð og afhendingu upplýsinga úr skránum eftir því sem nánar er kveðið á um í þessum kafla.

2. gr.

1. Skráningargjald og útgáfa kennitölu í fyrirtækjaskrá	kr. 5.000
2. Tölvuskráð útskrift um einstök hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög o.fl.	kr. 700
3. Vottorð um einstök hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög o.fl. skv. tölvuskráðum upplýsingum	kr. 1.000
4. Sérvottorð	kr. 1.800
5. Gjald fyrir ljósritun gagna - fyrstu 20 blöðin	kr. 1.000
6. Gjald fyrir ljósritun gagna umfram 20 blöð (50 kr. fyrir hvert blað umfram 20)	kr. 50

3. gr.

Við skráningu í fyrirtækjaskrá, skv. 1. tölul. 2. gr. skal auðkenna skráðan aðila með kennitölu. Menn með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skulu þó auðkenndir í fyrirtækjaskrá með kennitölu þeirra samkvæmt þjóðskrá.

4. gr.

Í vottorði skv. 3. tölul. 2. gr. kemur fram heiti félags, heimilisfang, kennitala og pósthfang. Jafnframt eru útibú tilgreind ef til eru. Þá er getið um rekstrarform, stjórn félagsins, framkvæmdastjóra, prókúruhafa, hverjir riti firmað, endurskoðendur og atvinnugreinaflokkun. Hlutafé eða stofnfé er tilgreint, lausnarskylda á hlutum og hömlur á meðferð hlutabréfa ef við á. Tilgangi félagsins er einnig lýst.

5. gr.

Í sérvottorði skv. 4. tölul. 2. gr. koma fram sérgreindar umbeðnar upplýsingar um einstök hlutafélög, einkahlutafélög og samvinnufélög, sem teknar eru saman sérstaklega í hverju einstöku tilviki.

6. gr.

Með samningi við ríkisskattstjóra getur fyrirtæki eða stofnun fengið rafrænt afrit af gagnagrunni fyrirtækjaskrár til eigin nota og/eða miðlunar tiltekinna upplýsinga úr skránni til annarra. Gjaldtaka fyrir slíka heimild skal vera:

Fyrir afrit af fyrirtækjaskrá eða rafræna miðlun:

1. Árgjald fyrir rafrænt afrit gagna úr fyrirtækjaskrá	kr. 100.800
2. Fyrir hverja rafræna uppflettingu í afriti gagnagrunns	kr. 4

Fyrir úrtak sem inniheldur nöfn og heimilisföng fyrirtækja:

1. Lágmarksgjald fyrir 500 fyrirtæki eða færri	kr. 3.500
--	-----------

2. Fyrir hvert fyrirtæki umfram 500 og upp í 2.000	kr.	5
3. Fyrir hvert fyrirtæki umfram 2.000	kr.	3
<i>Fyrir úrtak sem að auki inniheldur nöfn framkvæmdastjóra/forráðenda:</i>		
1. Lágmarksgjald fyrir 500 fyrirtæki eða færri	kr.	5.000
2. Fyrir hvert fyrirtæki umfram 500 og upp í 2.000	kr.	7
3. Fyrir hvert fyrirtæki umfram 2.000	kr.	5

7. gr.

Með samningi við ríkisskattstjóra getur fyrirtæki eða stofnun fengið rafrænan aðgang að gagnagrunni hlutafélagaskrár og samvinnufélagaskrár og heimild til miðlunar tiltekinna upplýsinga úr skránum til annarra. Gjaldtaka fyrir slíka heimild skal vera:

1. Árgjald sem innifelur 600 uppflettingar í gagnagrunninum	kr.	180.000
2. Fyrir hverja uppflettingu umfram 600 á ári	kr.	300
3. Fyrir hverja uppflettingu samþykkt, stofnsamninga og stofnfundargerða	kr.	1.000

II. KAFLI

Gjöld í ríkissjóð.

8. gr.

Ríkisskattstjóri skal á grundvelli laga um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991, með síðari breytingum, innheimta í ríkissjóð gjöld sem hér segir:

1. Fyrir skráningu hlutafélags og samvinnufélags	kr.	165.000
2. Fyrir skráningu erlends félags (útibús)	kr.	165.000
3. Fyrir skráningu einkahlutafélags og sjálfseignarstofnunar sem stundar atvinnurekstur	kr.	82.500
4. Fyrir umskráningu einkahlutafélags í hlutafélag	kr.	82.500
5. Fyrir umskráningu hlutafélags í einkahlutafélag	kr.	5.500
6. Fyrir aukatilkygningu og skráningu breytinga	kr.	1.100

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 3. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 17/2003, um fyrirtækjaskrá, 22. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs með síðari breytingum, 2. mgr. 147. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 með síðari breytingum, 2. mgr. 121. gr. laga um einkahlutafélög, nr. 138/1994, með síðari breytingum og 2. mgr. 10. gr. laga um samvinnufélög nr. 22/1991, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglugerð nr. 474/2003, um útgáfu kennitölu við skráningu í fyrirtækjaskrá og reglugerð nr. 94/1998, um aðgang að hlutafélagaskrá og samvinnufélagaskrá og gjaldtöku.

Fjármálaráðuneytinu, 8. febrúar 2006.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Marianna Jónasdóttir.